



Auglýsingar um skipulag

Deiliskipulag á þjónustusvæði og áningastað við Dettifoss.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði og áningastað við Dettifoss að vestanverðu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Markmið með fyrirhuguðum framkvæmum er að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna sem koma til að skoða Dettifoss.

Deiliskipulagið tekur til svæðis fyrir þjónustubyggingar á bílastæði við Dettifoss auk svæða fyrir neysluvatnslagnir og fráveitumannvirki.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við eftirfarandi ákvæði í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023:

Þjónustusvæði við Dettifoss 521-V. Óbyggt, deiliskipulag er í vinnslu. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Aðstaða og þjónusta fyrir ferðamenn.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að nýta sér heimild skv. 3. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um að fallið verði frá gerð lýsingar og kynningar þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi.

Tillöguuppráttur og greinargerð munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn frá og með föstudeginum 19. júlí til og með föstudeginum 30. ágúst 2013 svo að þeir aðilar sem telja sig eiga hagsmuna að gæta geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: [www.myv.is/Stjornsysla/Skipulags- og byggingarmál/Deiliskipulag/](http://www.myv.is/Stjornsysla/Skipulags-og-byggingarmal/Deiliskipulag/) Tillögur í auglýsingu.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út þann 30. ágúst 2013 og skal athugasemdum skilað skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/ eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við hina auglýstu tillögu innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Deiliskipulag vinnubúðasvæðis Bjarnarflagsvirkjunar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi mun verða með opið hús mánudaginn 22. júlí n.k. kl. 13:00-16:00 þar sem hann mun kynna fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum sem þess óska tillögu að deiliskipulagi vinnubúðasvæðis Bjarnarflagsvirkjunar, á fyrrverandi lóð Kísiliðjunnar, skv. ákvæðum 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

27. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 17. júlí 2013

Afmælisbörn dagana 18. júlí — 24. júlí 2013

18. Sigrún Benediktsdóttir, Soffía Kristín Björnsdóttir.
20. Andri Karlsson, Jóhann Ingvason.
21. Sólveig Illugadóttir.
23. Elías Eyþór Þórarinnsson, Jón Ingi Hinriksson, Örnólfur Jóhannes Ólafsson.

SUNDLAUGARPARTÝ!!

Þann 20. júlí n.k. ætlum við í Íþróttamiðstöðinni að halda sundlaugarpartý fyrir alla fjölskylduna. Stuðið byrjar klukkan 19:00 og stendur til 21:00. Tónlist, blöðrur og ef áhugi er fyrir leikjum og nægur fjöldi mun Jóhanna Marín sjá um þá.

Vonumst til að sjá sem flesta!
Starfsfólk ÍMS



Skrifstofa Skútustaðahrepps er lokuð eftir hádegi í dag miðvikudag og á morgun fimmtudag, vegna sumarleyfa.



Fjáreigendur athugið.

Vinsamlega tilkynnið um fjölda fjár í heimalöndum til skrifstofu fyrir 24. júlí. n.k. í síma 464 4163 eða á netfangið gisli@myv.is.

Kæru sveitungar / nágrannar.

Nú erum við í vanda!

Okkur bráðvantar duglegan starfskraft eins fljótt og hægt er!

Í starfinu felst vinna við morgunverð, þrif á gistiheimilinu og önnur tilfallandi störf við gistiheimlið / búíð.

Eins og staðan er núna getum við ekki útvegað húsnæði.

Ef þið hafið áhuga á þessu starfi eða vitið um einhvern sem gæti haft áhuga, ekki hika við að hafa samband!

Allar frekari upplýsingar í síma 464 4212 eða info@skutustadir.com

Ásta og Bjössi
Gistiheimilinu Skútustöðum.

Kaffihlaðborð og myndlist.

Nú stendur yfir myndlistarsýning

Eypórs Péturssonar frá Baldursheimi í Mývatnssveit.

Kaffihlaðborð eru á sunnudögum frá 14:00 - 17:00.

Allir velkomnir
Starfsfólk Kiðagils í Bárðardal.

Auglýsing.

KTM 250 EXC endurohjól, árgerð 2008 til sölu.

Lítið keyrt og vel með farið.

Ásett verð er kr. 590 þúsund.

Ýmis hlífðarbúnaður fyrir ökumann getur fylgt með á góðu verði :-)

Upplýsingar gefur Stefán í síma 895 4411
eða Eyrún í síma 899 4845.

Sumartónleikar við Mývatn.

20. júlí laugardagur

Reykjahlíðarkirkja, kl. 21:00.

21. júlí, sunnudagur

Skútustaðakirkja, kl. 21:00.

Flytjendur:

Helena Guðlaug Bjarnadóttir, sópran, Una Björg Hjartardóttir, flauta, Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, orgel.

Á efnisskrá eru glæsilegar aríur fyrir sópran, flautu og orgel eftir G.F. Händel, kirkjulög eftir Sigurð Þórðarson og Sigurð Bragason auk flautu- og orgelverka.

Tónlistarkonurnar eru allar búsettar á Akureyri og taka virkan þátt í tónlistarlífi Norðlendinga. Helena syngur í m.a. í Kammerkórnum Hymnodia auk þess að kenna við Tónlistarskólann, Una Björg er kennari við Tónlistarskólann og leikur með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Sigrún Magna er organisti við Akureyrarkirkju og Möðruvallakirkju auk þess að kenna tónlist og stjórna kórum. Hún er einnig framkvæmdastjóri Sumartónleika í Akureyrarkirkju.

Tónleikarnir í Skútustaðakirkju eru í samstarfi við sóknarnefnd kirkjunnar í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar. Í lok tónleikanna flytur sóknarprestur stutta kvöldbæn.

Verið velkomin á tónleika helgarinnar.
Aðgangur ókeypis.



verði notast við annað hvort Hverfjall eða Hverfell einu gildir hvort nafnið verður fyrir valinu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar. Sveitarstjóri vék af fundi undir liðum fimm og sex.

4. **Erindi frá sýslumanni ósk um umsöng um endurnýjun á rekstrarleyfi Keahótelshf.**
Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar um endurnýjun á rekstrarleyfi til handa Hrafnhildi E. Karlsdóttur, Keahótel ehf. vegna Hótelshf. Gígs. Rekstrarleyfi/gististaður, flokkur IV.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umbeðið leyfi verði veitt.
5. **Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um endurnýjun á rekstrarleyfi Eldár**
Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar um endurnýjun á rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár ehf.
Gististaður, flokkur II, Helluhraun 7, 7a, 8, 8a, 9 og 16.
Gististaður, flokkur I, Helluhraun 15.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umbeðið leyfi verði veitt.
6. **Deiliskipulag Birkilands.**
Fyrir liggur lagfærð greinargerð vegna deiliskipulags í Birkilandi. Í nýrri greinargerð hefur verið tekið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar sbr. bréf dags. 19. júní s.l.
Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 123/2010.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,



Atvinnuauglýsing.



Leikskólinn Ylur auglýsir eftir starfsmanni í afleysingar frá 2. september í 4 vikur.

Möguleikar á áframhaldandi afleysingum í vetur.

Upplýsingar gefur Sigga Údda í síma 464 4149 eða 863 7310.
Umsóknarfrestur er til 26. júlí.

Umsóknnum skal skilað í leikskólann Yl, Hlíðarvegi 6 eða í netfangið ylur@myv.is

Skólastjóri.



Mývatn Open er haldið af Golfklúbbsveitar og styrkt af Reynihlíð hf, sem rekur Hótel Reynihlíð, Hótel Reykjahlíð og Gamla Bæinn bistro.

Laugardaginn 20. júlí kl. 10:00

verður Mývatn Open haldið á Krossdalsvelli.

Kylfingar skulu vera mættir á teig í síðasta lagi korteri fyrir sinn rástíma.

Spiluð verður punktkeppni með forgjöf í opnum flokki. Eftir 9 holur verða léttar veitingar í boði Hótel Reynihlíðar.

Veitt verða peningaverðlaun fyrir 1. til 5. sætið en einnig verða útdráttarverðlaun auk nándarverðlauna. Þá fær fyrsta sætið 30.000 kr, annað sætið 25.000 kr, þriðja sætið 20.000 kr, fjórða sætið 15.000 kr. og fimmta sætið 10.000 kr.

Keppendur eru beðnir um að skoða rástíma sína kvöldið fyrir mót því ef ekki er fullt í mótið verður rástímum þjappað saman.

Hámarksforgjöf karla er 24 og kvenna 28.

Verð er 4.000 krónur.

Skráning er á golf.is eða hafa samband við Hinrik Geir, 866 5178.

Mótstjórn GKM.



Fornleifaskóli barnanna – námskeiðsdagar í júlí.

Mánudaginn 22. og þriðjudaginn 23. júlí

verður námskeið á vegum Fornleifaskóla barnanna fyrir börn á aldrinum **8-12 ára**, frá klukkan **13:00 - 16:00** báða dagana.

Gert er ráð fyrir að verja fyrri deginum á uppgraftrarsvæði við Skútustaði í Mývatnssveit, en síðari deginum við Litlulaugaskóla í Reykjadal.

Þriðjudaginn 23. júlí verður námskeið fyrir unglinga á aldrinum **13-15 ára** og stendur það frá klukkan **8:00 - 12:00** og fer að mestu leyti fram við uppgraftrarsvæðið á Skútustöðum. Mæting á planinu við Litlulaugaskóla.

Ekkert gjald er tekið fyrir námskeiðin en þátttakendur þurfa að hafa með sér nesti og hlýjan fatnað til útiveru.

Nánari upplýsingar um námskeiðin fást hjá Baldri Daníelssyni í síma **846 8573** eða með því að senda tölvupóst á baldur@ub.is. Skráningarfrestur er til og með laugardeginum **20. júlí**.

Opið hús og grillveisla.

Miðvikudagskvöldið 24. júlí á milli klukkan **19:00 og 21:00** verða fornleifafræðingar sem í sumar stunda uppgröft á Skútustöðum í Mývatnssveit með opið hús í Litlulaugaskóla þar sem þeir hafa aðsetur. Til sýnis verða m.a. ýmsir gripir ásamt myndum af uppgreftinum. Boðið verður upp á grillaðar pylsur og tilheyrandi meðlæti.

Allir hjartanlega velkomnir,
Fornleifastofnun Íslands, Hið þingeyska fornleifafélag
og Fornleifaskóli barnanna.

eigendum Hólmfríði Jónsdóttur f.h. eigenda Arnarvatns 1, Áshildi Jónsdóttir f.h. eigenda Arnarvatns 2, Kolbirni Arnljótssyni f.h. eigenda Arnarvatns 3 og Bergþóru Eysteinsdóttur f.h. eigenda Arnarvatns 4, þar sem óskað er eftir heimild til stofnun lóðar á/við Olnbogaás sbr. deiliskipulag. Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við að lóðin verði stofnun og að skipulags- og byggingafulltrúa verði falin málsmeðferð.

Í fimmta lið er tekið fyrir að nýju deiliskipulag Reykjahlíðar. Skipulagslýsing vegna deiliskipulagsins var kynnt skv. 40. gr. laga nr. 123/2010. Umsagnir bárust frá eftirtölum: Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Minjastofnun ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Ne., ekki hefur borist umsögn frá Umhverfisstofnun. Auk þess bárust athugasemdir frá Daða Lange Friðrikssyni, Kristínu Þuríði Sverrisdóttur og Sigfúsi Illugasyni. Skipulags- og umhverfisnefnd ítrekar að ekki er um eiginlega deiliskipulagstillögu að ræða heldur kynningu vegna væntanlegrar deiliskipulagsgerðar. Nefndin beinir því til skipulags- og byggingarfulltrúa að framkomnum athugasemdum verði komið á framfæri við skipulagsráðgjafa. Pétur Snæbjörnsson vék af fundi undir þessum lið.

Í sjötta lið er tekið fyrir erindi frá Þórði H. Ólafssyni f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem hann óskar eftir að tillaga að deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði og áningastað við Dettifoss verði tekin til afgreiðslu. Deiliskipulagstillagan er afmörkuð við svæði í eigu ríkisins. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að fallið verði frá gerð skipulagslýsingar þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagsins liggja fyrir í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Jafnframt leggur nefndin til að deiliskipulagi af svæðinu öllu verði hraðað eins og kostur er. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010, þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Í sjöunda lið er tekin fyrir að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Birkilandi. Sveitarstjórn hafði á fundi 13. júní s.l. staðfest afgreiðslu skipulags- og bygginganefndar á tillögunni og falið skipulags- og byggingarfulltrúa að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til auglýsingar í B-deild. Skipulagsstofnun gerði nokkrar athugasemdir við framkomna tillögu og er hún því tekin fyrir að nýju. Skipulags- og bygginganefnd felur skipulags- og byggingafulltrúa að koma athugasemdum Skipulagsstofnunar á framfæri við skipulagshöfund og að endurbætt gögn verði lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

Í áttunda lið er tekin fyrir að nýju erindi frá Guðmundi H. Gunnarssyni þar sem hann óskar eftir samþykki sveitarstjórnar á skipulagslýsingu vegna ferðaþjónustu á Stöng, verslunar- og þjónustusvæði merkt 359-V í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Skipulags- og umhverfisnefnd telur að afmörkun deiliskipulagsins hefði þurft að ná til allra fasteigna á jörðinni þar sem gerð yrði grein fyrir framtíðarsýn og þróun búskapar og ferðaþjónustu. Nefndin leggur þó til við sveitarstjórn að samþykkja lýsingu og fela skipulags- og byggingafulltrúa málsmeðferð skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010.

Í níunda lið er tekið fyrir erindi frá Bergþóru Kristjánsdóttur f.h. Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir heimild til að setja upp upplýsingaskilti við Hverfjall. Skiltin eru í samræmi við drög að deiliskipulagi Hverfjalls og drög að verndaráætlun sama svæðis. Þá er jafnframt óskað eftir leyfi til að bora eftir köldu vatni á svæðinu, endanleg staðsetning verður í samráði við Landeigendafélag Voga. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja erindið og fela skipulags- og byggingafulltrúa málsmeðferð. Þá mælist nefndin til þess að á skiltunum

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

57. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 4. júlí. 2013, kl 9:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Margréti Bóasdóttur f.h. Sumartónleika við Mývatn.
3. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 1. júlí.
4. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um endurnýjun á rekstrarleyfi Keahótelshé ehf.
5. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um endurnýjun á rekstrarleyfi Eldár
6. Deiliskipulag Birkilands

Til kynningar:

Fundargerð heilbrigðisnefndar Hne. dags. 5. júní.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlagsins dags. 3. maí.

Fundargerð aðalfundar Sorpsamlagsins dags. 5. júní.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson boðaði forföll á síðustu stundu. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 4, 5 og 6, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.
2. Erindi frá Margréti Bóasdóttur f.h. Sumartónleika við Mývatn.
Með bréfi dags. 16. júní óskar Margrét Bóasdóttir f.h. Sumartónleika við Mývatn eftir stuðningi sveitarfélagsins við nefnda tónleika. Þetta sumar er tuttugasta og sjöunda starfsárið og gert er ráð fyrir að haldnir verði fimm tónleikar á laugardagskvöldum í Reykjahlíðarkirkju og þrennir tónleikar á sunnudagskvöldum í Skútustaðakirkju auk þess sem flutt verður tónlist við helgistund í Dimmuborgum 4. ágúst. Sóknarnefnd Skútustaðakirkju óskaði eftir fjölgun tónleika þar í tilefni 150 ára afmælis kirkjunnar, því er óskað eftir hærri styrk en áður.
Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk kr. 100.000,-.
3. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 1. júlí.
Í fyrsta, öðrum, þriðja og fjórða lið fundargerðarinnar eru tekin fyrir samhljóða erindi frá

Kvikmyndahátíðin Ræman verður haldin að Laugum í kvikmyndahúsi Þróttó þann 20. júlí næstkomandi.

Glæsileg dagskrá verður sem hér segir:

Kl. 11:00 – Grunnskólasýningar.
Miðnætursnarl – Mynd eftir 9. og 10. bekk í Stórutjarnarskóla 2008.
Stuttmyndir eftir nemendur í 8. – 10. bekk Þingeyjarskóla 2013.

Hlé

Kl. 12:30 – Mannlíf í Reykjadal 1992 (þáttur úr smiðju Rúv).

Kl. 13.30 – Krafla (þáttur um uppbyggingu
Kröfluvirkjunar úr smiðju Rúv).

Kl. 14:30 – Hvellur (heimildamynd).

Hlé

Kl. 16:00 – Istigkeið – Arnþór Þórsteinsson og Dagur Ólafsson.

Takk fyrir mig – Kristín Lea Sigríðardóttir
og Anna Hafþórsdóttir.

Kl. 16:50 – Strengir – Nína Salvarar og Albert Halldórsson.

Bókin – Ásgrímur Guðnason..

Hlé

Kl. 19:00 — Engin Traffik – Ottó Gunnarsson.

Gunna – Óli Jón Gunnarsson.

Kl. 20:00 — Flökkusál – Anna Sæunn Ólafsdóttir.

Eitt lag enn – Karl Pálsson.

Endilega komið og njótið með okkur.

Aðgangur er ókeypis.

Tökum við fólki á meðan húsrúm leyfir.

Fólk kemur og fer eins og það vill

á hvaða tímum sem það vill.

Hressing verður til sölu en enginn posi.

Finnið okkur á Facebook [www.facebook.com/](http://www.facebook.com/RaemanKvikmyndahatid)

RaemanKvikmyndahatid

Bíókveðjur Ræman.